



Fornleifaskráning í Dalabyggð vegna fyrirhugaðs
ljósleiðara um Skarðsströnd og Fellsströnd - áfangi 2 -
viðbót



Hermann Jakob Hjartarson
2019

Forsíðumyndin (nr.1) sýnir skilarétt í landi Hnúks. (Fornleifar nr. 169. Horft mót V.
Ljósm. HJH 2019).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Hermann Jakob Hjartarson
Unnið fyrir Dalaveitur
Ágúst 2019

Inngangur

Þessi skýrsla er viðbót við skýrsluna *Fornleifaskráning í Dalabyggð vegna fyrirhugaðs ljósleiðara um Skarðsströnd og Fellsströnd - áfangi 2* (2019). Viðbót þessi er gerð að beiðni Minjastofnunar og Dalaveitna þar sem upphafleg línuleið tók breytingum, auk þess sem heimtaugum var bætt við.

Nýja lagnaleiðin er sýnd á myndum 2-6 og staðsetning fornleifa er á myndum 7-11.


Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem örnefnaskrár, túnakort, sýslu- og sóknarlýsingar og jarðabækur.

Svæðið var kannað í vettvangsferð 20. ágúst 2019. Veður var gott meðan á vettvangsvinnu stóð. Kannað var svæði sín hvoru megin við hina fyrirhuguðu ljósleiðaralögn, eða allt að 20 m hvoru megin. Margar gagnlegar upplýsingar fengust hjá ábúendum þar sem til þeirra náðist. Er þeim öllum þakkað fyrir. Fulltrúi verkkaupa var Sæþór Sindri Kristinsson hjá Dalaveitum og um kortavinnslu sá Kristján Ingi Arnarsson og höfundur.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskráar og loftmynda með staðsetningu fornleifa.

Nýju leiðir ljósleiðarans

Myndir 2-6 sýna svæðin sem könnuð voru að beiðni Minjastofnunar.




Mynd 2. Ný leið ljósleiðara til bústaða í landi Áar og ný leið að Krossi.




Mynd 3. Ný heimtaug að Ballará. Á myndinni sjást áður skráðar fornleifar.



Mynd 4. Hér sést breytt ljósleiðaraleið við Klofning.



Mynd 5. Breytt ljósleiðaraleið við Ormsstaði. Leiðinni var breytt vegna nálægðar við Ekrur, sem eru friðlýstar minjar.



Mynd 6. Breytt ljósleiðaraleið við Vog.

Skráningin

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni hins fyrirhugaða ljósleiðara, en í nágrenni hins fyrirhugaða ljósleiðara varð vart við talsverðan fjölda fornleifa sem ekki voru skráðar, vegna þess að þær voru utan við könnunarsvæðin.

Samtals voru sex fornleifar/minjar skráðar í tengslum við vettvangskönnunina. Engin rúst taldist hafa hátt minjagildi. Þrjár fornleifar teljast hafa talsvert minjagildi, það er skilarétt við Klofning og Náttthagi og rúst í landi Áar. Aðrar minjar töldust hafa lítið minjagildi, það er túngarður og meintar traðir við Ballará og leifar af leið við

Klofning. Nánar má lesa um fornleifarnar í fornleifaskrá sem er í viðhengi. Fimm eru taldar vera frá 1550-1900 en ein eldri.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Friðlýst?	Mótv.
164	Rúst	1	Ljósleiðari	Lítill	Lélegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Engar
165	Nátthagi	1	Ljósleiðari	Mikil	Ágætt	1550-1940	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
166	Túngarður	1	Ljósleiðari	Mikil	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Þversnið
167	Traðir?	1	Ljósleiðari	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Þversnið
168	Leið	1	Ljósleiðari	Mikil	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
169	Skilarétt	1	Ljósleiðari	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Nei	Engar
Fjöldi:		6				Meðaltal:	5	5		

Tafla yfir fornleifar/minjar á lagnaleiðinni. Hér er gengið út frá því að hinar fyrirhuguðu framkvæmdir valdi tímabundinni hættu og mat lagt á hana. Að öðru leiti er vísað í meðfylgjandi fornleifaskrá vegna þeirrar hættu sem kann að stafa af annarri viðvarandi hættu. Mótvægisáðgerðir miðast við að ekki sé hægt að tryggja öryggi fornleifanna/minjanna.

Staðsetning fornleifa



Mynd 7. Rúst 164 er í lítilli hættu vegna ljósleiðara (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson og HJH).

Dalaveitur - ljósleiðari 2019
Fornleifar við Krossá



Mynd 8. Náttugi (165) í landi Áar (Kortavinnsla: Kristján Íngi Arnarsson og HJH).

Dalaveitur - ljósleiðari 2019
Fornleifar við Ballará - viðbót ágúst




Mynd 9. Fornleifar við Ballará, túngarður (166) og traðir (167). Áður hefur verið skráður annar hluti túngarðsins (130) og rúst (131). (Kortavinnsla: Kristján Íngi Arnarsson og HJH).

Dalaveitur - ljósleiðari 2019
Fornleifar við Klofning, þjóðleið



Mynd 10. Leið við Klofning (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson og HJH).

Dalaveitur - ljósleiðari 2019
Fornleifar við Klofning, rétt



Mynd 11. Skilarétt við Klofning (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson og HJH).

Niðurstæða

Fjórar fornleifar teljast í mikilli hættu vegna framkvæmdanna, það eru: Nátthagi í landi Áar (165), en væntanlegur ljósleiðari fer upp við rústina. Túngarður (166) við Ballará, en fyrirhugaður ljósleiðari fer í gegnum garðinn. Einnig eru meintar traðir (167) við Ballará í mikilli hættu þar sem fyrirhugaður ljósleiðari fer upp að þeim. Þá er leið (168) við Klofning talin í mikilli hættu.

Aðrar skráðar fornleifar eru í lítilli eða engri hættu, rúst (166) í landi Áar og skilarétt við Klofning (169) báðar þessar fornleifar eru rétt utan við 15 m friðhelgina.

Líklega er hægt að breyta um lagnaleið í þeim tilfellum þar sem minjarnar eru í hættu, en þar sem það er ekki hægt þarf mótvægisáðgerða við. Á bæjarstæðum þeim sem ljósleiðarinn mun liggja að var yfirleitt ekkert að sjá á yfirborði vegna sléttunar og byggingaframkvæmda á seinni tímum. Gröftur heima við bæi gæti líklega þarfnast framkvæmdaefirlits, sérstaklega í tilfalli Ballarár, en bærinn stendur á gamla bæjarstæðinu, Minjastofnun ákvarðar nánar um það atriði.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Heimildaskrá

Árni Björnsson (2011). *Ferðafélag Íslands árbók 2011: Í Dali vestur*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Hermann Jakob Hjartarson (2019). *Fornleifaskráning í Dalabyggð vegna fyrirhugaðs ljósleiðara um Skarðsströnd og Fellsströnd- áfangi 2*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Kortasafn LMÍ: Fellsströnd - Klofningur. Skráningarnúmer: 2001-1385

Lög um menningarminjar. Nr. 80. 29. júní 2012.

Túnakort. Ballará. Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnaskrá. Á. Örnefnastofnun.

Örnefnaskrá. Á, athugasemdir og viðbætur. Örnefnastofnun.

Örnefnaskrá. Hnúkur. Örnefnastofnun.

Fylgirit

Fornleifaskrá: Dalabyggð. Nr. 164-169

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			164
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Á				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	20.8.2019	E 344742.2 N 533504.7	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst		Ska 19 2.b	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Lítill	Sæmilegt	-1550		Ljósleiðari	Lítill	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Talsvert	6		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Neðst í dalverpi sem kallast Tindarskarð, um 20 m norðan við malarveginn.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá Á. Örnefnastofnun.

Trausti Bjarnason, bóndi á Á, munnleg heimild

Lýsing


Rúst

Rústin liggur A-V. um 9x5 m að stærð. Veggir 0,2-0,4 m háir og um 1 m að breidd. Tvö op eru í rústinni, eitt í NA-enda hennar og annað í V-enda. Rústin virðist vega gerð úr torfi. Hún er í dag gróin grasi, mosa og lyngi.

Í örnefnaskrá segir að á þessu svæði sé stekkur, samkvæmt Trausta Bjarnasyni bónda er stekkurinn ofar í hlíðinni, hann var því utan við skráningarsvæðið og var því ekki skráður, einnig eru aðrar rústir á svæðinu.

Hlutverk óþekkt.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla

Dalasýsla

Sveitarfélag

Dalabyggð

Núv. sveitarfél.

Hverfi

Aðalnr.

165

Landareign

Á

Mí:Nr

Heiti

Byrgi/Nátthagi

Undirnr.

1

Skrásetjari

Hermann Jakob Hjartarson

Dags.

20.8.2019

GPS Staðsetning

E 344742.2 N 533504.7

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

Tegund minja

Nátthagi

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Ska 19 2.b

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Ábúð

Talsverð

Ágætt

1550-1900

Ljósleiðari

Mikil

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Fríðlýsa?

Fríðlýst?

Hvenær

Talsvert

6

Talsvert

6

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Liggur vestan við Klofningsveg (í um 6 m fjarlægð) og norðan við Krossá (20 m).

Heimildir og munnmæli

Á, athugasemdir og viðbætur við örfnenaskrá. Örnefnastofnun.

Örnefnaskrá Á. Örnefnastofnun.

Lýsing

Nátthagi

Um 70 m langt garðlag sem liggur A-V, ásamt áfastri rúst. Út frá rústinni gengur svo annar garður 18 m til suðurs.

Rústin er 9x5 m að stærð.


Veggir eru 0,2-1 m að stærð. Vestasti hluti garðsins er lægri en eystri hlutinn.

Í dag er ræktaður rabbabari upp við rústina.

Heitir Byrgi í örnefnaskrá en Nátthagi í athugasemdum við Örnefnaskrá.

Grasi gróið.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			166
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Ballará		Byrgi/Nátthagi		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	20.8.2019	E 338173.7 N 530106.2	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Garður	Túngarður	Ska 19 2.b	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Skepnur	Lítill	Ágætt	1550-1900		Ljósleiðari	Mikil	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	4	Lítið	4		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Liggur í kringum bæjarstæðið Ballará.

Heimildir og munnmæli

Túnakort Ballará.

Hermann Jakob Hjartarson (2019). *Fornleifasrkáning í Dalabyggð vegna fyrirhugaðs ljósleiðara um Skarðsströnd og Fellsströnd - áfangi 2*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Lýsing

Túngarður

Garðurinn hlaðinn úr grjóti. Hann nær utan um allt túnið en aðeins er hluti hans mældur inn. Áður hefur annar hluti garðsins verið mældur inn (nr. 130). Hæð: 0,9-1,2 m. Breidd: um 1 m.

Túngarðuin sést á túnakorti frá 1918 og virðist sem hann hafi ekki breyst mikið síðan þá.

Garðurinn er rofinn af heimreiðinni.

Girðing er ofan á garðinum. Við heimreiðina eru steyptir stöplar.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			167
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Ballará				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	20.8.2019	E 338139.79 N 530141.14	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Traðir?		Ska 19 2.b	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Lítill	Lélegt	1550-1900		Ljósleiðari	Mikil	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	4	Lítið	4		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Liggur meðfram heimreiðinni að Ballará, fyrir S-V hana.

Heimildir og munnmæli

Túnakort Ballará.


Lýsing

Traðir?

Mögulega leifar af tröðum. Hæð 0,3-0,4 m. Breidd um 1 m. Um 7 m langur bútur. Byggingarefni torf og grjót.

Það sem virðist vera traðir sést á túnakorti frá 1918.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla

Dalasýsla

Sveitarfélag

Dalabyggð

Núv. sveitarfél.

Hverfi

Aðalnr.

168

Landareign

Melar/Hnúkur

MÍ:Nr

Heiti

Undirnr.

1

Skrásetjari

Hermann Jakob Hjartarson

Dags.

20.8.2019

GPS Staðsetning

E 336587.4 N 527409.9

Viðmiðun M.y.s. Skekkja

Isn 93

Tegund minja

Leið

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Ska 19 2.b

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Skepnur

Lítill

Sæmilegt

1550-1900

Ljósleiðari

Mikil

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Lítið

3

Lítið

3

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Við fjallsrætur Klofningsfjalls, leiðin liggur yfir Klofninga, í náttúrulegri lægð. Í um 200 m frá Klofningsvegi.

Heimildir og munnmæli

Árbók Ferðafélags Íslands 2011: Í Dali vestur (2011).
Árni Björnsson. Ferðafélag Íslands (bls. 111).

Kortasafn LMÍ: Fellsströnd - Klofningur
Skráningarnúmer: 2001-1385.

Lýsing

Leið

Í Árbók Ferðafélagsins segir að þarna hafi helsta reiðleiðin legið í gegn.

Þá sést leiðin á herfornigjaráðskorti frá 1911.

Mæld leið er um 170 m en leiðin er mun lengri.

Breidd vegarins er frá 1-3 m og er leiðin mis sýnileg.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			169
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Hnúkur				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	20.8.2019	E 336559.36 N 527247.94	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Skilarétt		Ska 19 2.b	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Skepnur	Lítill	Sæmilegt	1550-1900		Ljósleiðari	Lítill	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	7	Talsvert	7		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Við fjallsrætur Klofningsfjalls, við Klofninga. Í um 80 m frá Klofningsvegi. Svæðið kallast Hnúks-flatir eða Víga-flatir.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá Hnúks. Örnefnastofnun.

Lýsing


Skilarétt

Hringlótt rétt, 38x38 m að stærð. Inngangur er í suð-vestur. Vel sést móta fyrir almenningnum en ekki sést móta fyrir skilum á milli dilkanna. Hæð veggja 0,4-1,2 m. Breidd veggja 1,5-2 m.

Í örnefnaskrá segir að þarna hafi til skamms tíma verið skilarétt en ekkert um hvenær það hefur verið.

Grasi gróin.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.